

Fundargerð aðalfundar 2002

Aðalfundur 2002

haldinn á Grand Hótel Reykjavík

14. febrúar 2002, kl. 15:00

Jóhann Gunnarsson var einróma kjörinn fundarstjóri aðalfundar eins og mörg undanfarin ár. Hann staðfesti að fundurinn sé löglegur og enginn mótmælti því. Hann setti fundinn og gaf formanni Skýrslutæknifélags Íslands, Eggerti Ólafssyni, orðið.

1. Skýrsla stjórnar fyrir árið 2001

Eggert Ólafsson flutti skýrslu stjórnar fyrir árið 2001 sem skýrði frá starfsemi stjórnar undanfarið ár.

2. Skýrslur nefnda og starfshópa

- a) Sigrún Helgadóttir sagði frá starfsemi orðanefndar
Hún sagði frá því að síðastliðið ár hefði Orðanefnd setið 25 fundi. Hafi orðtekið greinar Tölvumála og skrifað í framhaldi af því greinar sem birtust í TM. Nefndin hefur lengi átt lista yfir tákni sem Sigrún vildi gefa út árið 2000 og nefni hún erindi sem Orðanefnd hafði átt við stjórn Skýrslutæknifélagsins vegna þessa, það liggur nú fyrir í stjórn.
- b) Einar H. Reynis skýrði stuttlega frá starfsemi ritnefndar Tölvumála.
Niðurlag erindis var það að hlutverk eða markmið Tölvumála sé að styrkja íslenska tungu í upplýsingatækni.
- c) Rúnar Már Sverrisson sagði frá starfsemi FUT eða Fagráðs í upplýsingatækni, en hann er formaður FUT. Rúnar Már skýrði frá því að aðalhlutverk FUT væri að setja stöðlun á sviði rafrænna viðskipta í forgang næsta starfsár og hefur það gengið eftir.
- d) SARÍS. Rúnar Már formaður SARÍS sagði frá þessum nýja samstarfshópi, þar sem megináherslan er að efla rafræn viðskipti á milli fyrirtækja. Og skýrði hann m.a. frá því að þann 18. apríl n.k. sé ráðgerð ráðstefna um rafræn viðskipti.
- e) Engin starfsemi hefur verið í síðanefnd síðastliðið ár og taldi því Erla S. Árnadóttir ekki þörf á gefa skýrslu.
- f) Decus: Sigurjón Þ. Árnason skýrði frá því að þetta væri elsti áhugamannahópur um upplýsingatækni en upphaflega var þetta áhugamannahópur um Digital tölvur. Hann skýrði frá ýmsum þáttum starfsins, fyrirhugðum fundum og uppákomum.

3. Reikningar félagsins fyrir árið 2001

Brynja Guðmundsdóttir gjaldkeri kynnti endurskoðaða reikninga félagsins. Voru þeir samþykktir samhljóða.

4. Lagabreytingar

Stjórn lagði fram tillögu um lagabreytingu fyrir fundinn sem var svona:

1. tillaga:

Breyting á 1. grein.

Var: 1. Nafn og aðsetur

Heiti félagsins er Skýrslutæknifélag Íslands, skammstafað **SÍ**. Aðsetur félagsins er í Reykjavík.

Verður: 1. Nafn og aðsetur

Heiti félagsins er Skýrslutæknifélag Íslands, skammstafað **Ský**. Aðsetur félagsins er í Reykjavík.

2. tillaga:

Breyting á 7. grein.

Var: 7. Aðalfundur

Aðalfund skal halda eigi síðar en 14. febrúar ár hvert og skal boða hann bréflaga með 14 daga fyrirvara.

Verður: 7. Aðalfundur

Aðalfund skal halda eigi síðar en 14. febrúar ár hvert og skal boða hann bréflaga **eða með öðrum sannanlegum hætti** með 14 daga fyrirvara.

Lögin voru borin uppí heild sinni og voru tillögur að lagabreytingum samþykktar einróma. Engar athugasemdir voru gerðar.

5. Ákvörðun félagsgjalda fyrir árið 2002

Brynja Guðmundsdóttir lagði til að félagsgöldin yrður hækkuð um 8%, eða

Fullt gjald yrði kr. 16.900,-

Hálft gjald yrði kr. 8.500,-

Fjórðungsgjald yrði kr. 4.200,-

Engar athugasemdir voru gerðar. Samþykkt samhljóða.

6. Stjórnarkjör

Aðrir stjórnarmenn

Kjósa á þrjá stjórnarmenn til tveggja ára.

Stefán Kjærnested gefur kost á sér aftur í stjórn til tveggja ára.

Einar H. Reynis gefur kost á sér í stjórn til tveggja ára.

Sigurborg Gunnarsdóttir gefur kost á sér í stjórn til tveggja ára.

Voru þessar tillögur samþykktar einróma.

c) Varamenn

Varamenn til eins árs. Tillögur:

- Heiðar Jón Hannesson
- Ólafur Aðalsteinsson

Voru þessar tillögur samþykktar einróma.

7. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga

Fyrir fundinum lá þessi tillaga:

- Jakob Sigurðsson, heiðursfélagi í Skýrslutæknifélagi Íslands
- Sigurjón Pétursson, VSK

Lagt er til að sömu menn gegni þessum embættum áfram. Var þessi tillaga samþykkt einróma.

8. Nefndakjör

a) Ritstjóri Tölvumála er kosin til eins ár, Einar H. Reynis hefur verið ritstjóri síðastliðið tímabil og er tillaga stjórnar sú að hann verði ritstjóri nýtt tímabil. Var það samþykkt einróma.

b) Siðanefnd er kosin til eins árs.

Fyrir fundinum lá sú tillaga að óbreytt endurkjör yrði og var sú tillaga samþykkt einróma.

9. Önnur mál

Ekki voru önnur mál á dagskrá og því sleit Jóhann Gunnarsson fundi kl. 16:45. Fundinn sátu 16 manns, framkvæmdastjóri og starfsmaður félagsins. Ritari var Hólmfríður Arnardóttir framkvæmdastjóri félagsins.